



Alþýðusamband Íslands

# Horfur í efnahagsmálum 2011-2014

Hagdeild ASÍ  
október 2011



## Efnisyfirlit

AUKNAR FJÁRFESTINGAR – GRUNNUR AÐ BÆTTUM LÍFSKJÖRUM .....	3
HAGSPÁ FYRIR ÁRIN 2011 – 2014 .....	4
STAÐA HEIMILANNA VÆNKAST .....	6
ÁFRAM AÐHALD HJÁ HINU OPINBERA .....	7
STEFNT AÐ JÖFNUÐI RÍKISSJÓÐS .....	8
SVEITARFÉLÖG Í ÞRÖNGRI STÖÐU .....	8
FJÁRFESTINGAR AUKAST.....	9
STÓRIÐJUFRAMKVÆMDIR AUKA FJÁRFESTINGU .....	10
ÍBÚÐABYGGINGAR AUKAST Á NÝ .....	11
ÁFRAMHALDANDI SAMDRÁTTUR Í OPINBERUM FJÁRFESTINGUM .....	11
VIÐSKIPTI VIÐ ÚTLÖND Í JAFNVÆGI .....	12
INNFLUTNINGUR VEX .....	12
AUKINN ÚTFLUTNINGUR.....	12
AFGANGUR AF UTANRÍKISVIÐSKIPTUM .....	14
ATVINNULÍF Í VANDA.....	14
DREGUR HÆGT ÚR ATVINNULEYSI .....	14
VERÐBÓLGA LÆKKAR ÞEGAR LÍÐUR Á .....	16
VEIK KRÓNA .....	16
AÐHALD Í PENINGAMÁLUM .....	17
EFNAHAGSLEG ÁHRIF FRAMKVÆMDA – ÞRJÚ FRÁVIKADÆMI .....	18



## Auknar fjárfestingar – grunnur að bættum lífskjörum

Samkvæmt nýrri hagspá hagdeildar ASÍ er gert ráð fyrir nokkrum hagvexti á næstu árum. Verstu afleiðingar hrunsins eru því að baki og framundan er hægur bati í efnahagslífinu. Það sem veldur áhyggjum er að efnahagsbatinn er veikur og við blasir doði í hagkerfinu þar sem okkur tekst hvorki að endurheimta fyrri lífskjör né vinna bug á atvinnuleysinu á komandi árum.

Ástæða þess að spáð er litlum hagvexti á komandi árum er sú að útlit er fyrir að fjárfestingar í hagkerfinu verði litlar næstu árin. Mikil óvissa ríkir um álver í Helguvík og innanríkisráðherra hefur slegið út af borðinu allar áætlanir um að gera átak í vegamálum á Suðvesturlandi með sérstakri fjármögnun. Það er því ekki gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í spánni. Þá valda erfiðleikar á erlendum fjármálamörkuðum aukinni óvissu varðandi fjárfestingar.

Þetta er vond staða. Eina leiðin fyrir okkur til að bæta lífskjör og draga úr atvinnuleysi er að auka verðmætasköpun þjóðarbúsins. Aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf verða því að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu. Á síðasta ári var fjárfesting um 200 milljarðar króna og hefur fjárfesting aldrei verið minni mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld settu sér því það metnaðarfulla markmið sl. vor að auka árlegar fjárfestingar um 150 milljarða fyrir árslok 2013. Takist það verða fjárfestingar um 20% af landsframleiðslunni sem er svipað og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þetta er mikið verkefni og allir verða að leggjast á eitt ef það á að takast.

Hagdeildin skoðaði hvaða áhrif það hefði ef okkur tækist að auka fjárfestingar frá því sem gert er ráð fyrir í spá deildarinnar. Í fráviksdæmi í spánni eru skoðuð áhrifin af framkvæmdum við álver í Helguvík og tengd orkuver og einnig af byggingu orkuvera við Þeistareyki og í Bjarnarflagi og stóriðju á Norðurlandi. Í ljós kom að með framkvæmdum við álver í Helguvík yrði hagvöxtur árána 2011-2014 2,3 prósentustigum meiri en í spánni. Tækist okkur að ráðast í stóriðjuframkvæmdir á Norðurlandi yrði hagvöxtur árána 2011 – 2014 um 1 prósentustigi meiri en ella. Tækist okkur að ráðast í allar framangreindar framkvæmdir yki það hagvöxt árána 2012-2014 um 3,3 prósentustig sem er ekki lítill ávinningur. Árleg verðmætasköpun okkar yrði um 55 milljörðum meiri árið 2014 en ella. Þessar framkvæmdir hefðu að sjálfsögðu jákvæð áhrif á atvinnustigið. Auknar fjárfestingar og aukin verðmætasköpun er einnig forsenda fyrir því að krónan styrkist sem mun skila sér í bættum lífskjörum. Það er því til mikils að vinna ef okkur tekst að auka fjárfestingar og fá þannig hjól efnahags- og atvinnulífsins til að snúast hraðar.

Takist okkur að vinna bug á yfirstandandi efnahagserfiðleikum getum við litið með bjartsýni til framtíðar. Við búum yfir mannaði og Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem getur grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar. Við getum byggt upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni sem tryggir okkur lífskjör í fremstu röð



## Hagspá fyrir árin 2011 – 2014

Efnahagslífið er byrjað að taka við sér á ný eftir þriggja ára samdrátt og framundan eru ár hægfara endurbata og vaxtar. Á síðustu þremur árum hefur verðmætasköpun þjóðarinnar rýrnað umtalsvert og lífskjör dregist saman. Um það bil tíunda hver króna hefur tapast af verðmætasköpuninni og verkefni komandi ára verður að stækka þjóðarkökuna á nýjan leik til þess að endurheimta megi fyrri lífskjör.

Staða heimilanna er heldur að vænkast þótt víða verði áfram þröngt í búi. Hækkandi ráðstöfunartekjur vegna launahækkana ásamt tímabundnum aðgerðum til aðstoðar skuldugum heimum, endurgreiðslu ofgreiddra afborgana, útgreiðslu á séreignarlífeyrissparnaði og hægt batnandi atvinnuástandi ýta undir neyslu heimilanna á komandi misserum. Á móti vegur mikil skuldsetning og auknar opinberar álögur. Hægt dregur úr atvinnuleysinu sem gert er ráð fyrir að verði komið í 5% árið 2014. Hið opinbera mun áfram þurfa að skera niður á næstu misserum til að aðlaga reksturinn að breyttum efnahagsaðstæðum og ná jöfnuði í búskap hins opinbera. Hægt hefur gengið að koma af stað nýjum fjárfestingarverkefnum í atvinnulífinu. Mikil


skuldsetning

fyrirtækja, vantraust á íslenskt efnahaglíf og tortryggni í garð erlendra fjárfesta tefja fyrir uppbyggingu auk þess sem vaxandi óvissa um efnahagsframvindu í heiminum torveldi aðgengi að erlendu fjármagni. Ætla má að þegar draga fer úr óvissu um framvindu efnahagsmála og fjárhagstaða

fyrirtækja batnar taki framkvæmdir að aukast á ný. Íbúðafjárfestingar taka við sér á ný en hið opinbera heldur áfram að draga úr fjárfestingum sínum í ár og á næsta ári en þær taka að aukast lítillega undirlök spátímans.

Verðbólguhorfur eru dökkar til skemmri tíma en þegar líður á spátímann mun draga verulega úr verðhækkunum. Slaki í efnahagslífinu, slæmt atvinnuástand og lítill vöxtur ráðstöfunartekna mun draga úr verðbólguþrýstingi þegar líður á spátímann. Seðlabankinn mun áfram beita aðhaldssamri peningastefnu og gert er ráð fyrir að gjaldeyrishöftum verði létt í áföngum næstu misserin.

Mikil óvissa ríkir um framvindu efnahagsmála í löndunum í kringum okkur. Hægt hefur á efnahagsbata helstu viðskiptalanda í kjölfar skuldavanda Bandaríkjanna, Grikklands og fleiri evruríkja. Þetta veldur auknum óróa á alþjóðafjármálamörkuðum og blikur eru á lofti um þróun efnahagsmála í heiminum. Þessi þróun getur óneitanlega aukið á óvissuna um efnahagsframvindu hér á landi næstu misserin þar





sem hún hefur áhrif aðgengi okkar að erlendum lánamörkuðum sem og eftirspurn eftir framleiðsluvörum okkar og þjónustu.

Hagdeildin áætlað að landsframleiðslan aukist hægt á næstu árum, þar sem vöxturinn verður 2,4% á yfirstandandi ári, um 1% á næsta ári, 2,7% á árinu 2013 og um 1,5% á árinu 2014.

Spá hagdeildar byggir á þeirri forsendu að stjórnvöld muni áfram vinna að þeim markmiðum sem þau settu sér í samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um jöfnuð í ríkisfjármálum, o.fl. Með því eykst traust á efnahagslífið sem auðveldar aðgengi að erlendum lánamörkuðum. Þá er gengið út frá því að sátt verði á vinnumarkaði.

Vegna óvissu um áframhaldandi framkvæmdir við álverið í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þeim né tengdum orkuframkvæmdum í spánni. Í hagspánni er nú gert ráð fyrir að framkvæmdir við kísilver í Helguvík fari á fullt skrið í byrjun ársins 2012 og einnig gert ráð fyrir að ráðist verði í opinberar og hálfopinberar framkvæmdir sem fjármagnaðar verði af einkaaðilum. Gengið er út frá því að framkvæmdir hefjist við Vaðlaheiðargöng, byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og byggingu nýs Landspítala.

## YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	Í ma.kr.		Áætlun	Spá	Spá	Spá
Hlutfallsleg breyting	2010	2010	2011	2012	2013	2014
Einkaneysla	787.7	-0.4	2.0	2.2	1.9	1.1
Samneysla	398.6	-3.4	-1.4	-0.6	0.0	0.5
Fjármunamyndun	199.9	-8.0	12.7	9.8	10.6	0.7
þar af atvinnuvegir	122.4	-0.1	15.8	14.2	11.9	-6.0
þar af húsnæði	35.5	-17.7	7.8	8.0	12.0	21.6
þar af hið opinbera	42.0	-19.3	-8.3	-23.7	0.0	1.0
Þjóðarútgjöld	1,382.9	-2.7	4.5	0.9	2.9	0.9
Útflutningur	861.3	0.4	0.6	3.4	1.7	2.1
Innflutningur	707.0	4.0	4.4	3.6	2.0	1.2
<b>Landsframleiðsla</b>	<b>1,537.1</b>	<b>-4.0</b>	<b>2.4</b>	<b>1.0</b>	<b>2.7</b>	<b>1.5</b>
Verðbólga <sup>1</sup>		5.4	4.1	4.2	2.4	2.1
Atvinnuleysi <sup>2</sup>		8.1	7.4	6.7	5.7	5.0
Gengisvísitala <sup>3</sup>		216	217	216	211	209
Viðskiptajöfnuður <sup>4</sup>		-2.4	0.6	2.5	1.6	2.2

<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

<sup>2</sup> Hlutfall af áætluðum mannafla

<sup>3</sup> Ársmeðaltal

<sup>4</sup> Hlutfall af landsframleiðslu, án innlánsstofnana í slitameðferð




## Staða heimilanna vænkast

Staða heimilanna fer nú hægt batnandi eftir þriggja ára þrengingar með mikilli kaupmáttarrýrnun og erfiðu atvinnuástandi. Gera má ráð fyrir að hagur heimilanna vænkist heldur á næstu misserum þótt víða verði áfram þröngt í búi. Ráðstöfunartekjur fara vaxandi vegna launahækkana í kjölfar kjarasamninga síðastliðið vor ásamt tímabundnum aðgerðum til aðstoðar skuldugum heimilum, endurgreiðslna vegna ofgreiddra afborgana af gengistryggðum lánum, útgreiðslu á séreignarsparnaði, vaxandi vinnutíma og batnandi atvinnuástands. Á móti vegur að heimilin eru mjög skuldsett, opinberar álögur aukast, verðbólga er mikil og óvissa um framtíðina heldur aftur af neyslu almennings.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman um 13% í fyrra og hefur frá hruni dregist saman um 27% vegna mikillar verðbólgu, slæms atvinnuástands, minnkandi eignartekna, aukinna opinberra álaga og rýrnandi bótagreiðslna. Þessi mikli samdráttur ráðstöfunartekna endurspeglast í miklum samdrætti einkaneyslunnar sem hefur á síðustu þremur árum dregist saman um ríflega fimmtung. Vísbendingar eru um að vaxandi kaupmáttur skili sér nú í aukinni einkaneyslu en hún jókst um 3% á fyrri helmingi þessa árs frá sama tímabili í fyrra. Væntingarvístala Gallup gefur til kynna að aukinnar bjartsýni gæti meðal landsmanna um framvindu efnahags- og atvinnumála og fleiri ráðgera nú kaup á bifreiðum og utanlandsferðum á næstunni en verið hefur. Að jafnaði gefur þróun væntingarvísitölunnar ágæta vísbendinu um þróun einkaneyslunnar og því má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti á síðari hluta ársins þótt nokkuð kunni að hægja á vegna vaxandi verðbólgu á liðnum mánuðum.

Þrátt fyrir batnandi atvinnuástand og aukinn kaupmátt launa má gera ráð fyrir litlum breytingum á

kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna þegar tímabundnar aðgerðir eins og útgreiðsla séreignarsparnaðar og greiðsla sérstakra vaxtabóta ganga til baka. Áætlað er að útgreiðsla á sér-eignarlífeyrissparnaði heimilanna verði um 19 milljarðar í ár og um 7 milljarðar á



næsta ári og sérstakar vaxtabætur eru áætlaðar 6 milljarðar hvort ár.

Hagdeildin spáir því að einkaneysla aukist um 2% í ár, 2,2% á næsta ári og rétt um 2% árið 2013. Það hægi síðan á vextinum þegar tímabundnum aðgerðum sleppir árið 2013 og einkaneysla aukist rétt um 1%.



## Skuldir heimilanna


Heildarskuldir heimilanna námu í árslok 2010 tæplega 1.880 milljörðum króna en þar af voru lán vegna íbúðarkaupa um 1.150 milljarðar samkvæmt tölum frá Ríkisskattstjóra. Heildarskuldir drógust saman um ríflega 14 milljarða milli árana 2009 og 2010 en skuldir vegna íbúðarhúsnæðis breyttust lítið. Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa vaxið hratt síðastliðinn áratug, fóru úr um 180% af ráðstöfunartekjum árið 2001 í 236% í fyrra. Seðlabankinn áætlar að á yfirstandandi ári muni þetta hlutfall heldur minnka og má að líkindum rekja það til niðurfærslu skulda, lítillar nýrrar lántöku hjá heimilunum og vaxandi ráðstöfunartekna.

Í lok ágúst sl. höfðu lán til heimila verið færð niður um samtals 164 milljarða króna. Þar af eru 92 milljarðar vegna endurútreikninga á ólögum gengistryggðum íbúðalánum og 38 milljarðar vegna endurútreikninga gengistryggðra bílalána. Þá höfðu 27 milljarðar verið færðir niður samkvæmt hinna sk. 110% leið stjórnvalda, sem felur í sér niðurfærslu fasteignaskulda að 110% af verðmæti fasteignar, en rétt er að taka fram að í lok ágúst voru enn óafgreiddar ríflega 5.000 af þeim 15.600 umsóknum sem bárust fjármálafyrirtækjum, Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum um úrræðið. Loks höfðu í ágústlok ríflega 6 milljarðar króna verið færðar niður hjá þeim tæplega 900 heimilum sem farið hafa í gegnum sértæka skuldaaðlögun en mál um 480 heimila voru þá enn óafgreidd.

## Áfram aðhald hjá hinu opinbera

Ríki og sveitarfélög hafa síðastliðin þrjú ár glímt við að aðlaga rekstur sinn að breyttum efnahagsaðstæðum. Skatttekjur hafa dregist mikið saman á sama tíma og skuldabyrði hefur þyngst mikið, vaxtagreiðslur eru miklar og útgjöld vegna atvinnuleysis eru mikil. Halli hefur verið á rekstri ríkis og flestra sveitarfélaga á

liðnum árum sem kallað hefur á erfiða aðlögun opinberra fjármála með miklum niðurskurði og skatta-hækkunum. Þótt tals-verðum árangri hafi verið náð er þeirri aðlögun sem nauðsynleg er til að tryggja sjálfbærni í opinberum rekstri enn ekki lokið. Aðhaldsaðgerðir af þeirri stærðargráðu sem nauðsynlegar



hafa verið á undanförunum árum eru ekki sársaukalausar og krefjast þess að verkefnum hins opinbera sé forgangsraðað í þágu þeirra hópa sem viðkvæmastir eru. Þessi aðlögun er hins vegar óumflýjanleg til að koma í veg fyrir frekari skuldaföfnun og enn hærra vaxtakostnað til framtíðar. Slíkt staða myndi draga varanlega úr getu hins opinbera til þess að byggja upp innviði og velferð í samfélaginu.

Umsvif hins opinbera hafa á síðustu tveimur árum dregist saman um 5% og hagdeildin spáir því að samneysluútgjöld haldi áfram að dragast saman á þessu ári



um 1,4% og um 0,6% næsta ári. Gert er ráð fyrir að útgjöld til samneyslu verði óbreytt á árinu 2013 en hægur viðsnúningur verður á árinu 2014 en þá aukist útgjöld til samneyslu lítillega, eða um 0,5%.

### Stefnt að jöfnuði ríkissjóðs

Staða ríkissjóðs fer batnandi þótt heldur hægar gangi að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í kjölfar mikilla skattkerfisbreytinga í fyrra tóku tekjur ríkissjóðs að aukast á ný eftir mikinn samdrátt tekjustofna árin á undan. Erfiðara hefur hins vegar reynst að koma böndum á útgjöld ríkissjóðs m.a. vegna ýmissa ófyrirséðra atburða, s.s. náttúruharmfara og ábyrgða sem fallið hafa á ríkissjóð. Stjórnvöld hafa á síðustu þremur árum unnið að aðlögun ríkisfjármála samkvæmt sameiginlegri efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um endurreisn efnahagslífsins. Efnahagsáætlun stjórnvalda var endurskoðuð um mitt ár og markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum seinkað um eitt ár. Er nú gert ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. jöfnuður að undanskildum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, verði jákvæður á næsta ári í stað þessa árs og heildarjöfnuður verði jákvæður á árinu 2014.

Í fjárlögum fyrir komandi ár er ekki gert ráð fyrir stórfelldum skattkerfisbreytingum en reiknað er með umtalsverðri tekjuaukningu ríkissjóðs vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu. Fjárlögin gera sömuleiðis ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í rekstri ríkisins þótt niðurskurðurinn sé minni en undanfarin tvö ár. Vaxtagjöld ríkissjóðs aukast verulega á næsta ári þegar endurgreiðslur lána til AGS hefjast. Hagdeildin gerir ráð fyrir aðhaldi í rekstri ríkisins og samneysluútgjöld dragist áfram saman á þessu og næsta ári en aukist síðan lítillega árin 2013 og 2014.

Efnahagsáætlun stjórnvalda til næstu ára byggir á talsvert hagfelldari þróun efnahagsmála en spá hagdeildar gerir ráð fyrir. Gangi spá okkar eftir eru líkur til þess að skatttekjur ríkisins verði lægri og útgjöld meiri en áætlunin gerir ráð fyrir. Þetta mun þýða að grípa þarf til meiri niðurskurðar og/eða aukinnar tekjuöflunar sem enn mun hægja á innlendri eftirspurn og seinka efnahagsbatanum.

### Sveitarfélög í þröngri stöðu

Staða sveitarfélaganna er nokkuð misjöfn en einna verst hefur hún verið á SV-horninu og á öðrum vaxtarsvæðum. Þegar horft er á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í heild hefur heldur dregið úr hallarekstri sem rekja má til aukinna framlaga frá ríkinu. Skatttekjur sveitarfélaga héldu hins vegar áfram að dragast saman í fyrra og útgjöld að aukast, m.a. vegna aukinnar fjárhagsaðstoðar og vaxtagjalda. Horfur eru á viðsnúningi í ár og áætlanir gera ráð fyrir að tekjur aukist nú hraðar en útgjöld. Staðan verður þó áfram þröng og áfram munu sveitarfélög, einkum þau sem eru mikið skuldsett, þurfa að halda áfram að hagræða frekar í rekstri til að ná endum saman. Flest sveitarfélög hafa þegar lagt á hámarksútsvar og svigrúm til að auka tekjur með frekari álögum á íbúa er lítið. Má því gera ráð fyrir frekari niðurskurði í rekstri sveitarfélaganna á komandi árum og áætla hagdeildin að samneysluútgjöld sveitarfélaga dragist saman næstu tvö árin.



## Fjárfestingar aukast

Mikil skuldsetning fyrirtækja, vantraust á íslenskt efnahagslíf og tortryggni í garð erlendra fjárfesta tefja fyrir uppbyggingu atvinnulífsins auk þess sem gjaldeyrishöft þvælast fyrir og vaxandi óvissa um efnahagsframvindu í heiminum torveldar aðgengi að erlendu fjármagni og veldur lakari lánakjörum. Erfið staða hjá ríki og sveitarfélögum takmarkar mjög getu þeirra til fjárfestinga og áfram er gert ráð fyrir samdrætti í opinberum fjárfestingum næstu misserin. Íbúðafjárfesting, sem dregist hefur mikið saman síðastliðin þrjú ár, eykst nokkuð en verður áfram lítil í sögulegu samhengi.


Heildarfjárfestingar hafa dregist saman um ríflega helming á síðustu tveimur árum. Fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú í sögulegu lágmarki eða um 13%. Til samanburðar voru fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu hér á landi að meðaltali tæplega 25% á tímabilinu 1945 til 2007 og fóru lægst í ríflega 15% árið 1995. Nýfjárfestingar í hagkerfinu hafa um nokkuð skeið verið minni en sem nemur árlegum afskriftum fastafjármuna sem þýðir að fjárfesting síðustu ára hefur ekki nægt til að bæta upp þá rýrnun sem orðið hefur t.d. á tækjum, tólum og fasteignum fyrirtækja. Með öðrum orðum hefur samanlögð geta fyrirtækja í landinu til verðmætasköpunar rýrnað. Þrátt fyrir ýmis efnahagsáföll á lýðveldistímanum hafa fjárfestingar hingað til haldið í við afskriftir þannig ekki hefur dregið úr framleiðslugetunni líkt og nú.

Heildarfjárfestingar skiptast í þrjá flokka, fjárfestingar atvinnuveganna þ.e. nýfjárfestingar fyrirtækja og stóriðjufjárfestingar, fjárfestingar heimilanna í íbúðarhúsnæði og fjárfestingar hins opinbera, s.s. í vegakerfi og skólahúsnæði.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að heildarfjárfestingar aukist um tæp 13% í ár eftir um 8% samdrátt í fyrra.

Á næsta ári og árið 2013 aukist fjárfestingar um 10% hvort ár, og um 0,7% á árinu 2014. Vöxturinn í ár og næstu tvö árin er fyrst og fremst tilkominn vegna fjárfestinga atvinnuveganna en einnig er gert ráð fyrir nokkrum vexti í byggingu íbúðarhúsnæðis á næstu þremur árum.

Hið opinbera mun draga úr fjárfestingum í ár og á næsta ári en eftir það er gert ráð fyrir að opinbera fjárfestingar fari hægt vaxandi á ný.





Gert er ráð fyrir að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu verði komið í tæp 17% árið 2013, sem er mun lægra hlutfall en lagt var upp við gerð kjarasamninga í vor.

### Stóriðjuframkvæmdir auka fjárfestingu

Mikil skuldsetning, óvissa um framtíðarhorfur og fjármögnunarerfiðleikar hafa haldið aftur af endurnýjun framleiðslutækja hjá mörgum fyrirtækjum síðustu árin. Búast má við að þetta hafi valdið nokkurri uppsafnaðri endurnýjunarþörf sem muni skila sér í vaxandi fjárfestingum á næstu misserum. Talsverð óvissa ríkir hins vegar um aðrar nýfjárfestingar atvinnuveganna en til stóriðju og geta margra minni fyrirtækja til fjármögnunar nýrra verkefna er enn takmörkuð.

Af stóriðjuframkvæmdum gerir spá hagdeildar ráð fyrir þeim endurbótum sem nú standa yfir við álverið í Straumsvík, framkvæmdum við Búðarhálsvirkjun og byggingu kísilvers í Helguvík. Þá verði hafin undirbúningur framkvæmda við virkjanir við Þeistareyki og Bjarnarflag.

Stækkun álversins í Straumsvík sem verður lokið á árinu 2014 mun auka árlega framleiðslugetu verksmiðjunar um 20% í tæplega 230 þúsund tonn á ári auk þess sem verðmæti framleiðslunnar eykst með betri framleiðslutækni. Gert er ráð fyrir að framleiðslan í Straumsvík taki að aukast á vormánuðum 2012 og fullum afköstum verði náð fyrir árslok 2014. Framkvæmdir við byggingu kísilmálmverksmiðju í Helguvík hafa tafist nokkuð en áætlað er að þær fari á fullt skrið í ársbyrjun 2012 og ljúki ári síðar en þá geti framleiðsla hafist í verksmiðjunni.

Mikil óvissa ríkir enn um framkvæmdir við álverið í Helguvík og tengdar orkuframkvæmdir. Ágreiningur hefur verið milli HS-orku og Norðuráls um orkuverð sem lagður hefur verið fyrir gerðardóm í Svíþjóð. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fáiast í málið í nóvember sem ákvarða mun framhald þess verkefnis. Vegna þessarar óvissu gerir hagspáin ekki ráð fyrir frekari framkvæmdum við álver í Helguvík.

Í spánni er einnig gert ráð fyrir því að ráðist verði í opinberar og hálfopinberar framkvæmdir sem fjármagnaðar verði af einkaaðilum og teljast þær framkvæmdir til atvinnuvegafjárfestingar. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng, byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og byggingu nýs Landspítala. Í heildina er um að ræða 31 milljarða króna framkvæmdir á spátímanum.

Áætlað er að vinna við Vaðlaheiðargöng hefjist á fyrrihluta næsta árs þótt nokkur óvissa ríki enn um hvort ráðist verður í verkið. Um er að ræða 10 milljarða króna framkvæmd sem ráðgert er að ljúki á árinu 2015. Þá er áætlað að framkvæmdir við byggingu nýs Landspítala hefjist á fyrri hluta næsta árs en í heildina er þar um að ræða 40 milljarða framkvæmd sem áætlað er að ljúki á árinu 2017. Einnig er gert ráð fyrir að bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði hefjist á fyrri hluta næsta árs og ljúki á síðari hluta ársins 2015.

Af öðrum atvinnuvegafjárfestingum má nefna að gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi gagnavers Verne Holdings á Suðurnesjum verði tekinn í notkun í byrjun næsta árs og þá hefjist jafnframt framkvæmdir við annan áfanga þeirrar framkvæmdar. Í heildina er um að ræða 80 milljarða króna framkvæmd í fjórum áföngum sem áætlað er að



lúki á árinu 2016. Þá hafa kaup á skipum og flugvélum nokkur áhrif á atvinnuvegafjárfestinguna en Icelandair festi á árinu kaup á nýjum flugvélum fyrir um 3,8 milljarða króna sem flestar verða komnar í gagníð á þessu ári. Nýtt varðskip er væntanlegt til landsins undir lok ársins en verðmæti þess er 4,9 milljarðar króna. Eimskipafélag Íslands hefur einnig fjárfest í nýjum flutningsskipum að verðmæti 5,8 milljarða króna sem væntanleg eru til landsins á árinu 2013.

Hagdeildin spáir því að atvinnuvegafjárfestingar vaxi um tæp 16% á yfirstandandi ári og ríflega 14% á næsta ári. Árið 2013 vaxi atvinnuvegafjárfestingar um tæp 12% en dragist saman um 6% 2014. Án skipa og flugvéla verði vöxturinn 13% á þessu ári, tæp 19% á næsta ári, tæp 7% árið 2013 en fjárfestingar án skipa og flugvéla standa í stað árið 2014.

## Íbúðabyggingar aukast á ný

Íbúðafjárfestingar hafa dregist saman um 70% á síðustu þremur árum og eru nú í sögulegu lágmarki í kjölfar mikilla offjárfestinga á árunum 2004-2007. Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú 2,3% og hefur það hlutfall aldrei mælst lægra. Þröng staða heimilanna og aukin krafa um eigið fé hefur takmarkað eftirspurn eftir nýju húsnæði en vísbendingar eru um að umsvif á fasteignamarkaði séu heldur að aukast. Enn er nokkuð til af tómu íbúðarhúsnæði en vísbendingar eru um að skortur sé á ákveðnum tegundum húsnæðis, einkum minni, ódýrari íbúðum sem lítið var byggt af á uppgangsárunum.


Fasteignaverð lækkaði mikið í kjölfar efnahagshrunsins og nam lækkunin um

þriðjung að raunvirði frá upphafi árs 2008 fram á síðasta fjórðung ársins 2010. Á yfirstandandi ári hefur verðið heldur farið hækkandi á ný.

Hagdeildin spáir auknum íbúðafjárfestingum allt spátímabilið. Á þessu ári og á því næsta aukast íbúðafjárfestingar um 8% hvort ár um sig. Árið 2013 vaxa þær um 12% og ríflega fimmtungsaukning verður á árinu 2014. Þá verður hlutfall íbúðafjárfestinga af landsframleiðslu tæplega 4% en til samanburðar var meðaltal árána 1970-2001 ríflega 6%.

## Áframhaldandi samdráttur í opinberum fjárfestingum

Þröng fjárhagsstaða og lítið svigrúm til lántöku hjá ríki og sveitarfélögum takmarkar enn um sinn getu opinberra aðila til nýfjárfestinga. Frá efnahagshruni hafa fjárfestingar hins opinbera dregist saman um tæplega helming og endurskoðuð





áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum gerir ráð fyrir að áfram verði dregið úr fjárfestingum ríkisins fram til ársins 2013. Áætlanir sveitarfélaganna gera sömuleiðis ráð fyrir áframhaldandi samdrætti fjárfestinga næstu tvö árin en fjárhagsstaða þeirra, skuldsetning og fjárfestingarþörf er nokkuð misjöfn.


Hagdeildin gerir ráð fyrir samdrætti í opinberum fjárfestingum næstu tvö árin en eftir það taki þær við sér á nýjan leik. Samdrátturinn verður um 8% í ár og tæp 24% á árinu 2012. Á árinu 2013 munu fjárfestingar hins opinbera standa í stað en síðan aukast lítillega eða um 1% á árinu 2014. Varðskipið Þór er væntanlegt til landsins á síðasta fjórðungi þessa árs. Þegar það kemur til landsins koma fjárfestingarútgjöld vegna kaupa á því í einu lagi inn í fjárfestingar hins opinbera. Ef horft er framhjá fjárfestingum vegna varðskipsins þá má gera ráð fyrir að fjárfestingar hins opinbera dragist saman um tæpan fimmtung á yfirstandandi ári og 13% á næsta ári.

## Viðskipti við útlönd í jafnvægi

Mikill viðsnúningur hefur orðið á viðskiptum við útlönd á umliðnum árum. Eftir hrun dróst innflutningur mikið saman og útflutningur jókst. Nú virðist vera að færast meira jafnvægi á utanríkisviðskiptin.

### Innflutningur vex

Innflutningur er nú tekinn að vaxa á ný í kjölfar vaxandi einkaneyslu og aukinna fjárfestinga. Aukinn kaupmáttur heimilanna mun á spátímanum skila sér í vaxandi vöruinnflutningi og auknum ferðalögum til útlanda. Þá mun innflutningur á fjárfestingarvörum og hrávörum til stóriðju aukast í takt við auknar fjárfestingar. Hagdeildin spáir því að innflutningur aukist



um ríflega 4% á yfirstandandi ári, um 3,6% á árinu 2012 og um 2% á árinu 2013. Heldur hægi á vexti innflutnings á árinu 2014 samfara hægari vexti einkaneyslu og fjárfestinga en það ár aukist innflutningur um ríflega 1%.

### Aukinn útflutningur

Veik króna og lágt raungengi styður við útflutningsgreinarnar og bætir samkeppnistöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þrátt fyrir það hefur útflutningur ekki vaxið eins og ætla mætti. Í fyrra dróst vöruútflutningur saman um 2% en mikill vöxtur þjónustuútflutnings sem einkum má rekja til



ferðamannþjónustunnar vó upp á móti. Samkvæmt nýlegri könnun Samtaka atvinnulífsins á meðal aðildarfyrtækja þess er sóknarhugur í fyrirtækjum sem starfa í útflutningsgreinum og hyggst ríflega helmingur þeirra auka útflutning eða erlenda starfsemi á næstu 2-3 árum.


Á fyrri hluta næsta árs hefst framleiðsla á áli í endurbættu álveri í Straumsvík og mun framleiðslan þar verða aukin smám saman þar til fullum afköstum verður náð á árinu 2014. Verð á áli

hefur sveiflast nokkuð undanfarið og búist er við áframhaldandi sveiflum á næstu misserum en almennt gera spár ráð fyrir að álverð hækki til lengri tíma vegna vaxandi eftirspurnar, einkum frá Kína. Ekki er gert ráð fyrir að útflutt magn sjávarafurða aukist á spátímanum en hins vegar er áætlað að verðmæti

afurða aukist einkum vegna verðhækkana á erlendum mörkuðum. Uppgangur hefur verið í ferðþjónustunni undanfarið sem skilað hefur góðum tekjum í þjóðarbúið og áfram er gert ráð fyrir góðum vexti á spátímanum.

Miklar birgðir af sjávarafurðum og áli söfnuðustu upp á fyrri hluta yfirstandandi árs. Líkur eru á að velta birgðanna verði hæg og heldur dragi úr útflutningi sjávarafurða og áls á þessu ári en að sama skapi aukist útflutningur á næsta ári.


Hagdeildin spáir því að útflutningur aukist um 0,6% á yfirstandandi ári sem einkum má rekja til ferðþjónustunnar. Á næsta ári er gert ráð fyrir 3,4% vexti útflutnings þegar framleiðsla eykst í Straumsvík, gagnaver Verne Holdings tekur til starfa og áfram er gert ráð fyrir vexti í ferðþjónustu. Á árinu 2013 er vöxtur útflutnings áætlaður 1,7% þegar framleiðslan heldur áfram að vaxa í Straumsvík og á árinu 2014 eykst útflutningur um ríflega 2% þegar kísilver í Helguvík tekur til starfa.





## Afgangur af utanríkisviðskiptum

Viðskipti með vörur og þjónustu við útlönd hafa skilað ágætum afgangi undanfarin misseri eftir áralangan halla. Heildarviðskiptajöfnuður við útlönd ræðst hins vegar bæði af viðskiptum með vörur og þjónustu og vaxtagreiðslum til og frá landinu. Vaxtagreiðslur af háum erlendum skuldum eru íþyngjandi og draga verulega úr afganginum. Til að standa undir



greiðslum af erlendum skuldum þjóðarbúsins á næstu árum er nauðsynlegt að viðskipti við útlönd skili áfram ríflegum afgangi. Til þess þarf að auka útflutningstekjur með fjárfestingu í nýjum útflutningsgreinum eða auka afköst þeirra sem fyrir eru. Áætlað er að þrátt fyrir umtalsverðan vöxt innflutnings á spátímanum þá verði jákvæður afgangur á viðskiptum við útlönd allt tímabilið, þegar tölur um innlánsstofnanir í slitameðferð eru undanskildar. Hagdeildin spáir því að þegar horft er framhjá innlánsstofnunum í slitameðferð verði afgangurinn 0,6% af landsframléiðslu í ár. Á næsta ári verði viðskiptajöfnuðurinn jákvæður um 2,5% af landsframléiðslu, 1,6% á árinu 2013 og um 2,2% á árinu 2014.

## Atvinnulíf í vanda

Í september voru um 11.500 manns án atvinnu samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar en það jafngildi 6,6% atvinnuleysi. Heldur hefur dregið úr atvinnuleysinu síðastliðið ár en um 12.700 manns voru án atvinnu á sama tíma í fyrra. Meira hefur dregið úr atvinnuleysi meðal karla en kvenna og er nú nær enginn kynbundinn munur á atvinnuleysi. Langtímaatvinnuleysi hefur vaxið mikið en um 60% atvinnulausra hefur verið án vinnu í meira en 6 mánuði.

## Dregur hægt úr atvinnuleysi

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi þurfi að miða að því að auka arðbærar fjárfestingar. Í yfirlýsingunni sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við kjarasamninga í vor segir m.a: „Það er sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf hér á landi. Til þess að ná því markmiði þarf að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar í atvinnulífi, en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti. Stjórnvöld eru reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um sókn í atvinnuárum, m.a. á forsendum áætlunarinnar um Ísland 2020. Markmið sóknar í



atvinnumálum er að atvinnuleysi verði ekki hærra en 4-5% af vinnuafli í lok samningstímans. Til að það markmið náist þarf að auka hagvöxt umfram horfur að óbreyttu.

Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi."


Ýmsar af þeim fjárfestingum sem bundnar voru vonir við í vor virðast ekki ætla að ganga eftir. Þannig ákvað

innanríkisráðherra að slá út af borðinu allar hugmyndir um átak í vegagerð á suð-vesturhorninu sem fjármagnaðar yrðu með veggjöldum. Þá hefur ekki tekist að eyða óvissu um byggingu álvers í Helguvík og staðan á erlendum fjármálamörkuðum hefur aukið enn frekar á óvissuna

varðandi erlendar fjárfestingar. Það er því margt sem bendir til þess að markmiðið um að ná atvinnuleysinu undir 5% fyrir árslok 2013 náist ekki.

Í könnun sem Capacent gerði á viðhorfum stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins um mitt ár taldi meirihluti aðspurðra aðstæður í atvinnulífinu slæmar. Töldu 19% stjórnendanna að aðstæður yrðu betri eftir 6 mánuði, 31% að aðstæður yrðu verri en 50% töldu að aðstæður yrðu óbreyttar. Stjórnendur í fjármálastarfsemi, þjónustu, iðnaði og verslun eru bjartsýnni en stjórnendur í öðrum greinum. Telja 20-30% þeirra að betri tíð sé í vændum. Mest svartsýni ríkir hins vegar í byggingarstarfsemi, í samgöngum, flutningum og sjávarútvegi þar sem fáir telja að ástandið batni. Stjórnendur í 13% fyrirtækja töldu líklegt að þeir myndu fjölga starfsfólki á næstu 6 mánuðum, 26% sáu fram á að fækka starfsfólki og 58% töldu að fjöldi starfsmanna yrði óbreyttur. Þetta eru dekkri atvinnuhorfur en mælst hafa frá árinu 2009. Áformuð er fækkun starfsmanna í öllum atvinnugreinum. Minnst fækkun er áformuð í samgöngum og þjónustu, en mest í byggingarstarfsemi og sjávarútvegi.

Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að heldur dragi úr atvinnuleysi næstu þrjú árin. Áætlað er að atvinnuleysi verði 7,4% á yfirstandandi ári, 6,7% á árinu 2012, 5,7% árið 2013 og undir lok spátímabilsins verði það um 5%.






## Verðbólga lækkar þegar líður á

Verðbólga hefur það sem af er ári farið hækkandi sem einkum má rekja til veikingar krónunnar, verðhækkana á bensíni, húsnæði og þjónustu. Verðbólguhorfur eru fremur dökkar og líkur á áframhaldandi hárrí verðbólgu til skemmri tíma en þegar líður á spátímann mun draga úr verðbólgu. Slæmt atvinnuástand, lítill vöxtur ráðstöfunartekna og áframhaldandi slaki í efnahagslífinu draga úr verðbólguþrýstingi á spátímanum.

Óvissa ríkir um verð á olíu og öðrum hrávörum en verð þessara vara ræðst að

nokkru leyti af efnahagsframvindu í löndunum í kringum okkur. Vísbendingar eru um að hrávöruverð hafi náð hámarki og spár gera almennt ráð fyrir að verð þeirra fari lækkandi. Verðbólga hefur einnig farið vaxandi í helstu viðskiptalöndum okkar undanfarið en spár gera almennt ráð fyrir að heldur hægi á verðhækkunum á næstunni vegna hægari efnahagsbata, meiri óvissu og lækkandi hrávöruverðs.



Hagdeildin spáir því að verðbólga nái hámarki á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og verði þá 6% en fari eftir það lækkandi. Verðbólga verði komin niður undir 3% í árslok 2012 og um 2% í lok spátímans.

## Veik króna

Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst frá því það var veikast skömmu eftir hrun er krónan enn mjög veik í sögulegu samhengi. Mikill afgangur af viðskiptum við útlönd og gjaldeyrishöft ættu að öllu jöfnu að skila sér í sterkari krónu en það hefur hins vegar ekki orðið raunin. Ástæður þessa kunna að liggja í því að íslensk fyrirtæki séu að greiða niður erlendar skuldir sem eykur útflæði gjaldeyris og eins má gera ráð fyrir að kaup Seðlabankans á erlendum gjaldeyri haldi frekar aftur af styrkingu krónunnar.

Seðlabankinn hefur stigið nokkur varfærin skref í átt að afléttingu gjaldeyrishafta en þau hafa bæði verið færri og styttri en vonir stóðu til. Alþingi samþykkti nú í haust heimild til að framlengja gjaldeyrishöft til ársins 2013. Mörg verkefni eru óleyt áður en hægt verður að aflétta höftum að fullu og útlit fyrir að nokkuð langur tími geti liðið þar til það verður gert. Brýnt er að lögð verði áhersla á að flýta afléttingu gjaldeyrishafta eins og kostur er. Þeim fylgir mikið óhagræði, hár viðskiptakostnaður





og glötuð fjárfestingartækifæri. Þeim mun lengur sem höftunum er viðhaldið þeim mun hærra verður þessi kostnaður samfélagsins.

Mikil óvissa fylgir ávallt spám um þróun á gengi gjaldmiðla. Hagdeildin gerir ráð fyrir að krónan verði áfram veik allt spátímabilið þótt hún styrkist lítillega. Gert er ráð fyrir að undir lok spátímans verði krónan 3,6% sterkari en meðalgengisvísitala ársins 2010 og vísitalan verði þá um 209 stig. Gengi krónunnar gagnvart evru verði þá um 155.

### Aðhald í peningamálum

Frá efnahagshruni hefur Seðlabanki Íslands haft gengisstöðugleika sem aðalmarkmið sitt. Til að styðja við þetta markmið hefur stýrivöxtum verið haldið háum og gjaldeyrisviðskipti takmörkuð mjög með höftum. Seðlabankinn hóf lækkun stýrivaxta í október 2009 og lækkaði vexti í skrefum niður í 4,25%. Til að sporna gegn aukinni verðbólgu og auknum verðbólguvæntingum voru vextir hækkaðir um 0,25% í ágúst sl. og eru nú 4,5%. Skiptar skoðanir hafa verið um þessa aðgerð þar sem enn er mikil slaki í hagkerfinu, hagvöxtur lítill og fjárfestingar í sögulegu lágmarki. Búast má við að vaxtahækkunin dragi enn frekar úr fjárfestingum og auki því enn á slakann í hagkerfinu. Ef horft er til rökstuðnings peningamálastefnunefndar Seðlabankans við síðustu vaxtaákvörðun eru líkur til þess að stýrivextir hækki frekar á næstunni eða þar til verðbólga tekur að hjaðna á ný.

Hagdeildin gerir ráð fyrir að stýrivextir verði að meðaltali 4,4% í ár, 5,5% á árinu 2012 en fari eftir það lækkandi og verði 4,0% á árinu 2013 og 3,4% að meðaltali á árinu 2014.



## Efnahagsleg áhrif framkvæmda – þrjú frávikadæmi

Mikil óvissa ríkir um áformaðar stóriðjuframkvæmdir og í grunnspá hagdeildar er ekki gert ráð fyrir frekari framkvæmdum við Helguvík né framkvæmdum tengdum orkufrekum iðnaði á Norðurlandi. Ef af þessu framkvæmdum verður munu þær hafa umtalsverð áhrif á efnahagslífið. Til að átta sig á mögulegum áhrifum þessara stóriðjuframkvæmda á efnahagslífið tók hagdeildin saman þrjú frávikadæmi: álver í Helguvík; stóriðja á Norðurlandi og dæmi þar sem ráðist er í bæði verkefni. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá möguleg áhrif á hagvöxt ef áform um þessar framkvæmdir ganga eftir. Í töflunni eru birtar upplýsingar um hagvöxt á árunum 2011 til 2014 og dæmin þrjú sýnd ásamt grunnspá hagdeildar. Aftasti dálkur töflunnar sýnir uppsafnaðan hagvöxt á tímabilinu.

Í fyrsta dæminu: Álver í Helguvík, er gert ráð fyrir að framkvæmdir við álverið fari á fullt á næsta ári og gert er ráð fyrir að framleiðsla hefjist í 1. áfanga álversins á fyrrihluta árs 2014. Í dæminu er gert ráð fyrir framkvæmdum við þrjá áfanga versins. Heildarfrjárfesting við álverið í Helguvík og tengd raforkuver er áætluð um 250 milljarðar.

Í öðru dæminu: Stóriðja á Norðurlandi, er gert ráð fyrir framkvæmdum við virkjanir í Bjarnarflagi og

Þeistareykjum sem  
hvor um sig er 90 Mw.

Gert er ráð fyrir að  
reist verði iðjuver í  
héraðinu sem nýti  
þessa orku. Áætlaður  
kostnaður við

### HAGVÖXTUR

	2012	2013	2014	'12-'14
Grunnspá	1.0	2.7	1.5	5.28
Álver í Helguvík	1.6	3.8	2.1	7.63
Stóriðja á Norðurlandi	1.0	3.2	1.9	6.2
Álver í Helguvík og stóriðja á Norðurlandi	1.6	4.0	2.8	8.7

byggingu orku- og iðjuvera á tímabilinu er um 80 – 90 milljarðar og útflutningsverðmæti framleiðslunnar gæti numið um 26 milljörðum á ársgrundvelli þegar iðjuverin hafa náð fullum afköstum. Gert er ráð fyrir að iðjuverin verði byggð í tveimur áföngum og fyrri áfanginn taki til starfa árið 2014.

Í þriðja dæminu: Álver í Helguvík og stóriðja á Norðurlandi, er gert ráð fyrir að bæði framkvæmdir við álver í Helguvík og við stóriðju á Norðurlandi fari á fullt skrið.

Í grófum dráttum eru niðurstöðurnar þær að hagvöxtur verði um 2,3 prósentusigum meiri en í grunnspánni, ef framkvæmdir við álverið í Helguvík fara á fullt. Ef framkvæmdir hefjast við stóriðju á Norðurlandi yrði hagvöxturinn um 1 prósentustigi meiri en í grunnspánni. Ef framkvæmdir hefjast bæði við álverið í Helguvík og stóriðjuframkvæmdir á Norðurlandi verður frávikið frá grunnspá enn meira og hagvöxtur yrði um 3,4 prósentustigum meiri en ella.



Einnig er áhugavert að skoða hver áhrifin eru á hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu. Eins og sjá má á töflunni hér til hliðar þá verður hlutfallið hæst í síðasta dæminu: Álver í Helguvík og stóriðja á Norðurlandi, en þar fer hlutfallið í ríflega 21% árið 2013 samanborið við 16,8% í grunnspánni.

### HLUTFALL FJÁRFESTINGA AF LANDSFRAMLEIÐSLU

	2011	2012	2013	2014
Grunnspá	14.3	15.6	16.8	16.6
Álver í Helguvík	14.3	16.8	20.1	20.7
Stóriðja á Norðurlandi	14.3	15.6	18.1	17.8
Álver í Helguvík og stóriðja á Norðurlandi	14.3	16.8	21.3	21.1

Ef skoðuð eru áhrifin á vinnumarkaðinn má gera má ráð fyrir að um 900 fleiri ársverk skapist á tímabilinu í fyrsta dæminu: Álver í Helguvík, en í grunnspá hagdeildar og um það bil 500 fleiri ársverk skapist í dæminu: Stóriðja á Norðurlandi, en í grunnspánni. Í síðasta dæminu má því áætla að til verði um 1.400 fleiri ársverk en í grunnspánni.